

Vægi jaðarsettrar sýnar (stytt útgáfa)

Fimm þjóðabrot söfnuðust saman hérlendis og án deilna sammæltust um að kalla eylandið Ísland. Fræðimenn álíta að fyrsta varanlega byggðin hafi gerst á því Herrans ári 874. Sumir halda því fram að hér hafi þá verið byggð í það minnsta í þrjár aldir.

Án deilna sameinuðust þjóðabrotin um að stofna þjóðríki með einni tungu og lögum sem tryggðu ábyrgan sið í ríkinu eða Ástand. Þannig var smíðuð ný þjóð sem skyldi ráða sér sjálf. Sumarið 930 var stofnað Allsherjarþing sameinaðra héraðsþinga sem annars væru sjálfstæð meðan það ógnaði ekki frumspekilegu hugmyndinni um Allsherjarreglu. Þar skyldu rædd lög og þar skyldu gerðir dómur.

Skilji ég fræðimennina Jón Aðils Sagnfræðing og Lúðvík Ingvarsson Sýslumann rétt, þá gátu eignalausir menn (þrælar) og konur, komið málum á framfæri á héraðsþingum og haft þar áhrif.

Á Héraðsþingum var árlega kosið til Alþingis og gátu þrælar og konur fengið þingmenn til að flytja mál. Þessi hópur skilgreindi og framkvæmdi þjóðsköpun en umfram allt mótuðu fyrstir það sem nefnt er Lýðræði.

Lýðræði var áður skilgreint í Aþenu og Róm, en það var stjórnþæki stakra borga og aldrei mótað. Norður Evrópskir þjóðflokkar höfðu iðkað lýðræði öldum saman en aldrei Lýðveldi. Allt fram á miðja sautjándu öldina voru konungar Skandinava kosnir án erfðahyllingar.

Íslensk þjóð skilgreindi sig samkvæmt frumspekilegri hugsun og skóp sig og mótaði eftir henni. Allt fram að Bresku hugarfarsbyltingunni upp úr 1680 (The Glorious Revolution) var Íslensk þjóð sú eina sem viðhélt slíkri reglu og hugsun sem ófrávíkjanlegum veruleika.

Allar götur til Kópavogsfundarins 1662 þegar við lögðum hugsun okkar að fótum erfðavalds Evrópskra valdaverkfræðinga, höfðum við sent unga menn til mennta í álfunni.

Þegar jarlar Breta þvinguðu konung árið 1215 til að semja stjórnarskrána Magna Carta, sést glytta í hugmyndir sem þeir höfðu lært af Íslenskum samnemendum sínum í menntasetrum Evrópu.

Í aldir höfðu fræðimenn okkar dreift fræi hugvísinda til Evrópsks menntafólks sem hafði áhrif á þjóðir þeirra og höfðu þannig mótandi áhrif á söguna. Þetta er rýni sem rekja má huglægt, kannski ekki hlutlægt, en hver veit?

Marteinn Lúter er álitinn hafa velt Páfanum úr þeim sessi að vera ríkjunum andlegur áminnandi. Óbeint gaf Lúter konungum og þjóðríkjum vald yfir kirkjum og fræðum. Getur verið að hann hafi misskilið afkomanda Sæmundar fróða, sem hafði lært með honum Skólaspeki (Scholasticism)?

Kannski er sögurýni mín á villigötum en árið 2030 verða sléttar ellefu aldir síðan forfeður mínir skilgreindu nýja þjóð og tóku áður skilgreinda lýðræðishugmynd og mótuðu hana í farveg sem síðan hefur sigrað heiminn.

Bandaríska ríkjasambandið viðurkennir að hafa fengið grunnhugmyndir sínar frá Iroquois Þjóðveldinu en Iroquois þjóðirnar fimm mótuðu ríki sitt með líkum hætti og við, eftir að okkar fólk hafði ferðast um heimalendur þeirra.

Ég áminni að hér er á ferð djarft huglægt mat en ekki fræðileg greining. Þannig bið ég lesandann um svigrúm og lofa að reyna ekki frekar á mörkin.

Hugtakið Ástand (State) með upphafsstaf er hér í merkingunni „huglægur veruleiki hóps sem tekið hefur sér formfestu í ytri veruleika.“ Ástand er yfirleitt uppnefnt Ríki en er hugmynd sem holdgerist þegar henni er trúað.

Stofnanir ríkja eru atriði sem tilheyra formföstum veruleika en eru allt saman fyrirbæri byggð á mótuðum frumspekilegum skilgreiningum ásamt undirliggjandi fullvissu hópsins, um hluti sem ekki er auðið að sjá en kalla má fram.

Skólaspekingar héldu þing sín í Trent á sextánda öldinni og komust í aðalatriðum að eftirfarandi niðurstöðum. Þeir hefðu gert Skólaspeki of fagaða og skipt sér of mikið af veraldlegu Ástandi. Ég nota töluna 1551 í orðræðu minni til að merkja (Branding) þetta, til einföldunar.

Ártalið 1551 merkir ákvörðun Kaþólskunnar að fjarlægja takmarkanir á framförum hugvísinda og er rekjanlegt að Endurreisnin (Renaissance) og Endurmótunin (Reformation) varð afleiðingin þessara þinga en ekki illa mótaðra uppreisna fáeinna klerka.

Nú eru 3332 ár (samkvæmt Hebresku tímatali) síðan heimspekingurinn Móse setti saman fyrstu stjórnarskrá mannkyns, sem aftur skilgreindi ástand sem þjóð fæddist af og hafa flestar þjóðir reynt að nálgast.

Atvikið var hugsanlega innblásið af ofurvætti og hugsanlega afurð djúpra hugleiðinga. Einfaldleiki þess og afl, dylst þó engum. Þetta var síðar endurtekið á Þingvöllum. Við erum engin smáþjóð, en fámenn.

Í ár á Sáttmáli Móse stórafmæli því í september komandi verða 3333 ár liðin. Eftir tíu ár eigum við Íslendingar stórafmæli. Kannski er þetta merkingarsnautt í dag, kannski ekki.

Virtir Ríkisráðsmenn* (Statesmen) segja Skjalavaldið eilíft. Aðrir ræða hið varanlega ástand (Eternal State). Ég skil og virði heimspeki þeirra. Mig grunar þó að til sé dýpra og varanlegra ástand, en að það feli sig óverðugum og birtist í ljóma þeim sem lauga sig agaðri frumspeki og einlægri auðmýkt, þeim sem leitar og knýr á.

* Ríkisráðsmaður er ekki til í orðabókum en er sett saman eftir samráð við tvo fræðimenn og einn leikmann.

Guðjón E. Hreinberg - 7. apríl 2020.